

LÖG

um breytingu á orkulögum, nr. 58/1967, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 61. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Rafmagnsveitum ríkisins er heimilt að stofna og eiga hlut í félögum sem hafa það að megingilgangi að framleiða, flytja, dreifa eða selja orku. Fyrirtækinu er jafnframt heimilt að stofna og eiga hlut í félögum til að hagnýta þá sérþekkingu og búnað sem fyrirtækið ræður yfir til rannsóknar- og þróunarstarfa á sviði orkumála og til orkuverkefna erlendis. Til að stofna eða eiga hlut í félögum þarf heimild ráðherra hverju sinni. Áður en ráðherra veitir slíka heimild skal leitað álits fjármálaráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 19. mars 1999.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Finnur Ingólfsson.

LÖG

um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. B-liður 1. mgr. orðast svo: til hlífðar brotþola, vitnum eða öðrum sem málið varðar.

b. 2. mgr. orðast svo:

2. Dómari tekur ákvörðun um lokað þinghald að eigin frumkvæði eða eftir kröfu ákæranda, sakbornings eða brotþola. Ákvörðunina skal bóka í þingbók og vísa til þess ákvæðis í grein þessari sem við á. Sá sem fellir sig ekki við ákvörðun dómara getur krafist þess að hann kveði upp úrskurð um það hvort þinghald skuli háð fyrir luktum dyrum.